

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 og breytingartillögu á þingskjali 660.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (BLG).

Breytingar á sundurliðun 1:

- Liðurinn 111.1.0 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla lækki um 3.122,6 m.kr.
- Liðurinn 111.3 Fjármagnstekjuskattur lækki um 15.000,0 m.kr.
- Liðurinn 114.2.2.4 Kolefnisgjald lækki um 7.015,0 m.kr.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
08 Sveitarfélög og byggðamál			
4. Við 08.10 Framlög til sveitarfélaga			
a. Rekstrartilfærslur	31.762,6	15.000,0	46.762,6
b. Framlag úr ríkissjóði	31.762,6	15.000,0	46.762,6
09 Almanna- og réttaröryggi			
5. Við 09.10 Löggæsla			
a. Rekstrarframlög	23.000,3	1.000,0	24.000,3
b. Framlag úr ríkissjóði	24.521,1	1.000,0	25.521,1
6. Við 09.30 Ákærvald og réttarvarsla			
06 Dómsmálaráðuneyti			
a. Rekstrarframlög	1.800,6	420,0	2.220,6
b. Framlag úr ríkissjóði	1.809,9	420,0	2.229,9
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála			
7. Við 10.20 Trúmál			
a. Rekstrartilfærslur	7.447,9	-7.447,9	0,0
b. Framlag úr ríkissjóði	8.947,6	-7.447,9	1.499,7
8. Við 21. tölul. á þskj. 660 (10.40 Stjórnýsla dómsmálaráðuneytis). B-liður orðist svo:			
b. Rekstrartilfærslur	89,1	-0,8	88,3
11 Samgöngu- og fjarskiptamál			
9. Við 11.10 Samgöngur			
a. Rekstrarframlög	14.523,0	3.000,0	17.523,0
b. Fjárfestingarframlög	31.007,4	3.000,0	34.007,4
c. Framlag úr ríkissjóði	50.141,5	6.000,0	56.141,5
10. 29. tölul. á þskj. 660 (14.10 Ferðaþjónusta) falli brott.			

16 Markaðseftirlit og neytendamál**11. Við 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál***16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

a. Rekstrarframlög	741,9	420,0	1.161,9
b. Framlag úr ríkissjóði	763,0	420,0	1.183,0

17 Umhverfismál**12. Við 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála**

a. Rekstrarframlög	4.619,9	800,0	5.419,9
b. Framlag úr ríkissjóði	5.630,2	800,0	6.430,2

13. Við 35. tölul. á þskj. 660 (17.50 Stjórnsýsla umhverfismála). B-liður orðist svo:

b. Rekstrartilfærslur	1.201,8	1.499,2	2.701,0
---------------------------------	---------	---------	---------

14. Við 38. tölul. á þskj. 660 (18.30 Menningar-sjóðir, 16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti). B-liður orðist svo:

b. Rekstrartilfærslur	4.636,1	69,7	4.705,8
---------------------------------	---------	------	---------

22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála**15. Við 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig***07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti*

a. Rekstrarframlög	285,1	115,0	400,1
b. Framlag úr ríkissjóði	1.892,2	115,0	2.007,2

31 Húsnæðis- og skipulagsmál**16. Við 31.10 Húsnæðismál***10 Innviðaráðuneyti*

a. Rekstrartilfærslur	9.053,2	1.000,0	10.053,2
b. Framlag úr ríkissjóði	20.070,0	1.000,0	21.070,0

32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála**17. Við 32.20 Jafnréttismál**

a. Rekstrartilfærslur	115,6	50,0	165,6
b. Framlag úr ríkissjóði	363,8	50,0	413,8

18. Við 6. gr. Liður 5.1 falli brott.**Greinargerð.**

Í 4. tölul. er gerð tillaga um að 15.000 m.kr. hækkun fjármagnstekjuskatts renni sem ígildi útsvars í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í 5. tölul. er gerð tillaga um aukið framlag til lögregluembættanna til þess að fjölga ársverkum í almennri löggæslu og rannsóknarvinnu

Í 6. tölul. er gerð tillaga um aukið framlag til héraðssaksóknara til að efla embættið og tryggja málsmeðferðarhraða.

Í 7. tölul. er gerð tillaga um að fella niður sóknargjöld og framlög til Þjóðkirkjunnar sem byggjast á kirkjujarðasamkomulaginu.

Í 8., 10., 13. og 14. tölul. er gerð tillaga um að fella brott framlög til bygginga eða endurbóta á kirkjum og mannvirkjum þeim tengdum sem meiri hluti fjárlaganefndar lagði til á þskj. 660.

Í a-lið 9. tölul. er gerð tillaga um 3.000 m.kr. framlag vegna orkuskipta. Þar af fari 2.400 m.kr. óskipt til orkuskipta í almenningsamgöngum um allt land og 600 m.kr. til orkuskipta hjá Strætó.

Í b-lið 9. tölul. er gerð tillaga um 3.000 m.kr. framkvæmdafé til hjóla- og göngustíga. Af þeirri fjárhæð eru 1.000 m.kr. til að flýta framkvæmdum þeirra verkefna sem eru skipulögð samkvæmt samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, 1.000 m.kr. til uppbyggingar hjóla- og göngustíga í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og 1.000 m.kr. til uppbyggingar hjóla- og göngustíga annars staðar á landinu.

Í 11. tölul. er gerð tillaga um hækkun framlaga til að efla Samkeppniseftirlitið.

Í 12. tölul. er gerð tillaga um hækkun framlaga til Loftslagssjóðs.

Í 15. tölul. er gerð tillaga um framlag til að efla íslenskukennslu fyrir innflytjendur.

Í 16. tölul. er gerð tillaga um hækkun húsnæðisbóta vegna verðbólguhækkunar á leigu.

Í 17. tölul. er gerð tillaga um hækkun framlaga til Samtakanna '78.

Í 18. tölul. er gerð tillaga um að fella niður heimild ráðherra til að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf.